

[this.is/fokhelt](http://this.is/fokhelt)

## FRÉTTATILKYNNING

**Samsýning nýu myndlistarmanna í tveimur samliggjandi fokheldum raðhúsum að Breiðakri 17-19 í Garðabæ.**

Þann 17. október kl. 15 opnar myndlistarsýningin *Fokhelt*, í tveimur samliggjandi fokheldum raðhúsum í Akrahverfinu í Garðabæ, nánar tiltekið að Breiðakri 17-19. Sjá kort [hér](#).

Myndlistarmennirnir sem taka þátt í sýningunni eru *Erla Haraldsdóttir, Finnur Arnar Arnarson, Helga G. Óskarsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ingólfur Örn Arnarsson, Ívar Valgarðsson, Kristinn G. Harðarson, Sara Björnsdóttir og Þóroddur Bjarnason sem jafnframt er sýningarstjóri.*

Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur skrifar inngang að sýningunni.

Listamennirnir hafa allir getið sér gott orð á síðustu árum og áratugum, sýnt í listasöfnum, galleríum og samsýningum hér heima og erlendis.

Verkin á sýningunni verða eins fjölbreytt og listamennirnir eru margir, en verkin taka óneitanlega mið af þeim tíma og þeim stað sem þau verða sýnd á. Höggmyndir, lágmyndir, ljósmyndir, veggmálverk, samklipp, teikningar og innsetningar er meðal þess sem sjá má á sýningunni.

Sýningin verður aðeins opin um helgar, í fjórar helgar alls. Þar sem sýningin reiðir sig nær eingöngu á dagsljósið verður sýningin opin þegar birtu nýtur, eða frá 12-16 laugardaga og sunnudaga.

### Afhverju Fokhelt – Hugleiðingar sýningarstjóra

Við efnahagshrunið síðasta haust varð nánast algjört frost á byggingarmarkaði, og segja má að landið sé nú allt á leiðinni aftur á *fokheldisstíg*. Í miðjum þessum frostavetri og mitt í endalausum kreppukarpinu og svartagallsrausinu, kom mikill hugur í undirritaðan. Áhugi vaknaði á því að gera eins og eina myndlistarsýningu, þó hvorki hefðu sýningarsalir né sjóðir staðið til boða á þeim tíma.

Einn vordaginn, á leið fram hjá tómunum íbúðablokkum á hafnarbakkanum í Hafnarfirði, laust þeirri hugmynd niður, að reyna að fá lánaða eins og eina íbúð í einni þessara blokka undir sýninguna.

Það var þó viðbúið að það gæti orðið flókið að fá íbúð að láni, hvað þá tvær. Hugurinn reikaði þá á heimaslóðir, í Garðabæinn, og að nýja Akrahverfinu í Arnarneslandinu. Þar stóðu tvö fokheld raðhús að Breiðakri 17-19 sem hentuðu hugmyndinni sérstaklega vel.

Það reyndist sjálfsagt mál að fá húsin lánuð, en ekki hvað... þau stóðu nú bara þarna tóm og voru til sölu. Verst reyndar ef einhver vildi kaupa húsin mitt í undirbúningnum, en ákveðið var að taka sénsinn.

En þá var að finna listamenn sem vildu taka þátt. Hverjir þössuðu inn í samhengið? Er þetta boðlegt umhverfi? Eru listamenn ekki orðnir hundleiðir á að vera boðnar einhverjar vonlausar aðstæður til að sýna í. Það var þó ekki aftur snúið og eftir að hafa viðrað hugmyndina við Söru Björnsdóttur á fönnum vegi, varð ljóst að þetta var möguleiki. Sýningin var nú orðin fokheld.

[this.is/fokhelt](http://this.is/fokhelt)

## Listamennirnir

Að mati undirritaðs passa listamennirnir einstaklega vel við sýninguna, en hver á sinn hátt.

Erla Haraldsdóttir blandar saman skáldskap og veruleika með heillandi útkomu. Verk hennar á *Lífróðri* í Hafnarborg í haust, er eitt athyglisverðasta verkið á þeirri sýningu.

Finnur Arnar Arnarson vinnur með hið hverdagslega, en tilfinningar og ljóðrænar stemningar eru einnig hluti af verkunum. Finnur sýndi þetta eftirminnilega með hinum einföldu og blátt áfram Situation verkum í Nýlistasafninu árið 1996.

Helga G. Óskarsdóttir hefur áhuga á því smæsta í tilverunni, því sem okkur yfirsést. Fokhelt raðhús býr yfir mörgum slíkum leyndardómum.

Hildigunnur Birgisdóttir gerir verk sem byggjast á leikjum og fábrotnum hlutum sem hún nær að hefja til vegs og virðingar. Þetta sýndi hún með bravúr á einkasýningu í Nýlistasafninu árið 2008.

Verk Ingólfs Arnar Arnarssonar eru einföld og stillt við fyrstu sýn, en heillandi, sterk og margræð. Hann notar efni eins og steinsteypu, grunn og málningu. Hann breytir líka rýmum. Ingólfur var einn af mínum góðu kennurum í MHÍ.

Ívar Valgarðsson hefur lengi unnið með venjuleg byggingarefni og gerði eina af bestu sýningum sem ég hef séð um dagana, Handgerðir hringir, í Norræna húsinu árið 1994.

Kristinn G. Harðarson hefur sérstakt næmi fyrir nærumhverfinu. Útsaumaðar myndir hans af skissum sem eiginkona hans gerði af draumaíbúðinni, eru sígildar.

Í verkum Söru Björnsdóttur má auðveldlega skynja sterkar tilfinningar, reiði, fegurð, ótta. Einkasýning hennar í Gallerí Skugga árið 2001 var ein af þeim bestu það árið.

Rúnari Helga Vignissyni kynntist undirritaður á hliðarlínunni á fótboltaleikjum yngri flokka Stjörnunnar í Garðabæ. Hann er stórskemmtilegur rithöfundur og þýðandi, og hann var augljós kostur fyrir Fokhelt.

Undirritaður, Þóroddur Bjarnason, er einnig á meðal sýnenda. Þetta er þriðja sýningarstjóra-verkefnið, en ég hefur unnið að myndlist í fjölda ára og skrifað dóma, viðtöl og greinar um myndlist fyrir Morgunblaðið og fleiri.

*Þóroddur Bjarnason*

*Ef óskað er eftir viðtölum, myndefni eða frekari upplýsingum um sýninguna, vinsamlega hafið samband við Þórodd í síma 860 3167 eða á tölvupósti á [thoroddubjarnason@gmail.com](mailto:thoroddubjarnason@gmail.com). Einnig má nálgast upplýsingar um listamennina og sýninguna á vefsíðu sýningarinnar – <http://this.is/fokhelt>*